

FR Á S Ö G N

*af 140. þingi Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU) og tengdum fundum í Doha
6.–10. apríl 2019.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar IPU sóttu fundinn Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Helga Vala Helgadóttir auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Helstu mál á dagskrá voru ályktun um ólögmæti þess að nota málaliða og erlenda hermenn til að grafa undan friði og öryggi og hlutverk frjálsra og óháðra viðskipta og fjárfestinga við að ná þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt fór fram almenn umræða um hlutverk þjóðþinga við að efla menntun sem stuðlar að friði, öryggi og bættri löggjöf. Þá fór fram utandagskrárumræða um aðkallandi alþjóðlegar aðgerðir til stuðnings Mósambík, Malaví og Simbabve í kjölfar fellibyljarins Idai og var samþykkt ályktun á grundvelli hennar.

Enn fremur var haldinn kvennafundur dagana 5. og 9. apríl í tengslum við þingið þar sem m.a. var rætt um þátttöku kvenna á vinnumarkaðnum. Um 1.500 þátttakendur sóttu þingið, þar af um 750 þingmenn (227 þingkonur, eða 30%) frá 147 ríkjum og 74 þingforsetar. Þá var í fyrsta sinn mæld þátttaka ungra þingmanna (undir 45 ára) og voru þeir 132, eða 17%.

Tólflús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð. Á þeim fundum var farið yfir helstu mál þingsins og afstaða sendinefnda samræmd eins og hægt var, auk þess sem valdir voru fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU. Fulltrúar Tólflús-hópsins í framkvæmdastjórn og stýrihópum IPU kynntu helstu niðurstöður síðustu funda stjórnarinnar og fundar stjórnarnefndar.

Sérstök nefnd um mannréttindi þingmanna gegnir veigamiklu hlutverki innan IPU og gefur hún út viðamikla skýrslu fyrir hvert þing. Á grundvelli skýrslunnar samþykkir ráð IPU fjölmargar ályktanir um brot á mannréttindum þingmanna. Nefndin vinnur mikið starf á milli þinga þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannhvarf eða dauðsfall.

Tvær tillögur að neyðarályktun voru lagðar fram við upphaf þingsins. Aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Fyrir valinu varð tillaga um aðkallandi alþjóðlegar aðgerðir til stuðnings Mósambík, Malaví og Simbabve í kjölfar fellibyljarins Idai sem olli gríðarlegu tjóni. Honum fylgdi úrkoma sem olli mannskæðum flóðum í Mósambík, Malaví og Simbabve. Þá fór fellibylurinn yfir mjög þéttbyggð svæði svo hundruðir manna féllu auk búfjár og skemmdir urðu á uppskeru. Kólera breiðist ógnarhratt út eftir hörmungar sem eru taldar þær verstu á svæðinu í áratugi. Í ályktun þingsins var lögð áhersla á nauðsyn þess að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdóma og styrkja heilsugæslu og hjálparstarf á svæðinu. Enn fremur var lögð áhersla á nauðsyn þess að berjast gegn loftslagsbreytingum í heiminum til að koma í veg fyrir náttúruhamfarir sem þessar í framtíðinni.

Almenn umræða fór fram um pólitískt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum og var sjónum beint að hlutverki þjóðþinga við að efla menntun sem stuðlar að friði, öryggi og bættri löggjöf. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tók þátt í umræðunum fyrir hönd Íslandsdeildar. Hún lagði í ræðu sinni áherslu á mikilvægi jafnréttis og menntunar þegar horft væri til framþróunar með frið og öryggi að leiðarljósi. Jafnrétti til menntunar væri lykilatriði, óháð kyni, fjárhagsstöðu, trú eða menningarlegum bakgrunni. Við lok almennrar umræðu samþykkti þingið yfirlýsingu þar sem helstu áhersluatriði umræðunnar voru dregin saman.

Enn fremur fór fram umræða um atvinnuþátttöku kvenna á kvennafundi IPU og var Áslaug einn af frummælendum á fundinum. Í erindu sínu greindi Áslaug Arna frá því að jöfnuður á milli kynjanna mældist mestur á Íslandi á heimsvísu tíunda árið í röð samkvæmt skýrslu Alþjóðæfnahagsráðsins. Atvinnuþátttaka kvenna er um 80% og sagði hún árangur Íslands varðandi svo hátt hlutfall m.a. mega þakka almennum leikskóla og fæðingarorlofi fyrir bæði kynin

sem hafi verið lykilstefnumál og greitt götu kvenna til aukins jafnréttis og þátttöku. Enn sé þó verk fyrir höndum sé horft til hlutfalls kvenna í stjórnnum fyrirtækja og stjórnunarstöðum, sem enn er lágt þrátt fyrir að 70% þeirra sem útskrifast með háskólagráður á Íslandi séu konur.

Í fastanefndum var fjallað um fyrir fram ákveðin mál. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, fóru fram miklar umræður um ályktun um ólögmati þess að nota málaliða og erlenda hermenn til að grafa undan friði, öryggi og landamærahelgi ríkja og mannréttindabrotum. Helga Vala Helgadóttir tók þátt í fundum nefndarinnar. Nefndin afgreiddi 131 breytingartillögu við ályktunina og voru 25% þeirra samþykktar. Ályktunin var samþykkt með fyrirvara um orðalag frá eftirfarandi níu landsdeildum: Armeníu, Finnlandi, Frakklandi, Íslandi, Noregi, Rúmeníu, Svíþjóð, Þýskalandi og Tékklandi. Þá tók nefndin ákvörðun um að næsta umræðuefni nefndarinnar yrði stefnumótun þjóðþinga til að styrkja frið og öryggi á tímum áskorana og átaka vegna loftslagsbreytinga og afleiðinga þeirra.

Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun og efnahags- og viðskiptamál, fór fram umræða og kosning um ályktun um hlutverk frjálsra og óháðra viðskipti og fjárfesinga til að ná þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með áherslu á að virkja einkageiran við innleiðingu þeirra. Var ályktunin samþykkt samhljóða á þingfundi 10. apríl. Næsta umræðuefni nefndarinnar verður alþýðuvæðing (mainstreaming) stafrænnar tækni og hringrás hagkerfisins til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með ábyrgri neyslu og framleiðslu.

Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, fór fram umræða um ranga upplýsingagjöf og falsfréttir, hnattrænt fyrirbæri sem gæti haft þýðingarmikil áhrif á stjórnsmál ríkja. Jafnframt fór fram undirbúningsvinna og umræður um þema næstu ályktunar nefndarinnar: Hvernig ná megi alþjóðlegum markmiðum í heilbrigðismálum fyrir 2030: Hlutverk þjóðþinga við að tryggja réttinn til heilbrigðis. Nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna (SP) hittist á tveimur fundum og beindi sjónum sínum að heimsmarkmiðum SP. Á fyrri fundi nefndarinnar var rætt um aðgerðir þjóðþinga við að ná heimsmarkmiðunum en sá síðari undirbjó þingmenn undir þátttöku í umræðum sem haldnar verður á pólitískum umræðufundi SP, High-level Political Forum (HLPF), um sjálfbæra þróun í júlí 2019. Sú umræða mun beina sérstakri athygli að heimsmarkmiðum nr. 16 um stjórnun og nr. 10 um ójafnrétti. Á HLPF er árlega metinn sá árangur sem náðst hefur á heimsvísu í áætlun um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og heimsmarkmiðunum 17 um sjálfbæra þróun.

Þá fór fram undirbúningsfundur um hliðarviðburð sem haldinn verður í tengslum við haustþing IPU 2019 um hlutverk þjóðþinga við að binda enda á mismunun á grundvelli kynferðis og kynhneigðar og tryggja virðingu fyrir mannréttindum LGBTI fólks. Heitar umræður höfðu farið fram um það á haustþingi 2018 hvort setja mætti efnið á dagskrá nefndar um lýðræði og mannréttindi sem endaði með því að málinu var vísað til þingfundar í atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld í atkvæðagreiðslunni með 636 atkvæðum gegn 499. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir greiddi fyrir hönd Íslandsdeildar atkvæði með tillögunni, ásamt flestum ríkjum Evrópu. Í framhaldinu var tekin ákvörðun innan Tólfplús-hópsins að halda hliðarviðburð um málið sem fyrst og verður það gert í Belgrad í október 2019 þar sem haustþing IPU verður haldið 13. – 17. október.

Ráð IPU kom tvisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Aðildarríki IPU eru nú 178 talsins. Rætt var um fjárhagsáætlun fyrir 2019 og uppgjör ársins 2018 samþykkt auk þess sem yfirlit yfir skipulagða fundi var kynnt. Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot á mannréttindum þingmanna og samþykkti ráðið ályktanir á grundvelli þeirra. Þá gaf forseti IPU út yfirlýsingu þar sem IPU fordæmir viðurkenningu Bandaríkjanna á því að Gólanhæðir séu hluti Ísraelsríkis.

Næsta þing IPU verður haldið Belgrad 13.–17. október 2019. Frekari upplýsingar má nálgast á nefndasíðu og á vefsvæðinu <http://www.ipu.org/>.